

## Fyrsti stjórnarfundur að loknu 48. ársþingi BLÍ

Þriðjudagurinn 16. júní 2020 kl. 19.30

Mætt á skrifstofu BLÍ; Ásthildur Gunnarsdóttir, Dagbjört Víglundsdóttir, Gretar Eggertsson, Hrafnhildur Theodórsdóttir og Steinn Guðni Einarsson

Mætt í gegnum Teams; Árni Jón Eggertsson, Svandís Þorsteinsdóttir og Valgeir Bergmann

### 1. Verkaskipting nýrrar stjórnar.

Formaður leggur til að Dagbjört verði varaformaður, Árni Jón gjaldkeri, Hrafnhildur ritari og Svandís meðstjórnandi. Tillagan samþykkt samhljóða og í varastjórn eru; Ásthildur, Steinn og Valgeir. Varastjórn er boðuð á alla stjórnarfundum.

### 2. Nefndarskipan og önnur verkaskipting

Farið yfir þær nefndir sem þegar starfa hjá BLÍ, mótanefnd, yngri flokka nefnd, landsliðsnefnd, dómaranefnd, aganefnd ofl. Ný nefnd, fræðslu – og útbreiðslunefnd er tekin til starfa. Verkefni nýrrar stjórnar BLÍ að fara yfir verk svið hvernar nefndar með fókusið á að gera starfið faglegra og markvissara.

**Nýtt skipurit stjórnar, starfsmanna og nefnda.** Hrafnhildur leiðir endurskoðun á skipuriti sambandsins, starfssviði og ábyrgð skrifstofu/starfsmanna, stjórnarmanna og starfandi nefnda. Þarf að skýra ábyrgð, skyldur og verk svið á öllum póstum.

**Fræðslu – og útbreiðslunefnd.** Tillaga formanns að Hnikarr verði beðinn um að starfa í nefndinni enda hafi hann starfað að undirbúningi mikilvægra verkefna ss skólamáta í samstarfi BLÍ, UMSK, UMFÍ og héraðssambanda, þjálfaranámskeiða sem senn fara í gang ofl. Allir meðmæltir því, Steinn og Svandís bjóða sig einnig fram í nefndina. Steinn verður tímabundið á meðan nefndin er að komast í fullan gang. Svandís verður tengiliður v. stjórn.

**Afreksnefnd** - Lagt til að varaformaður leiði áfram starf afreksnefndar/landslíðnefndar eins og löng hefð er fyrir hjá Blaksambandinu. Ný nálgun á starf nefndarinnar í mótun, en horft til þess að nefndin stýri stefnumótun sambandsins í samvinnu við afreksþjáfara og fái til liðs við sig fleira fólk til að starfa í þeim verkefnum sem hvert landslið tekur þátt í hverju sinni. Afreksstefna BLÍ nái bæði til innanhússblaks og strandblaks.

**Strandblaksnefnd** - Stjórn BLÍ hefur mikinn áhuga á að styrkja strandblakið og tekur Valgeir að sér að sitja í strandblaksnefnd fh stjórnar BLÍ. Formaður BLÍ mun beina sínum kröftum að lobbyisma fyrir heilsársaðstöðu fyrir standblakara svo grundvöllur skapist fyrir raunverulegu afreksstarfi í íþróttinni.

**Markaðs – og kynningarmál** Máttur samfélagsmiðla er svolítið vannýttur möguleiki í starfsemi BLÍ. Þar er markmiðið að bæði sambandið og íþróttin verði sýnilegri. Búa þarf til eina ásýnd og þannig að heimasíðan, samfélagsmiðlar og kynningarefni sambandsins vinni saman og styðji hvort annað bæði sem markaðstæki og til upplýsingar. Ásthildur mun stýra þessu starfi.

### 3. Næstu verkefni

**Innheimta BLÍ** – samið við Nóra um rafræna innheimtu á mótagjöldum og iðkendagjaldi. Tryggir betra utnumhald á greiddum gjöldum og því sem er útistandandi.

**Þjálfaramál** - Fyrsta stigs þjálfaranámskeið fer fram um komandi helgi og er skráning viðunandi. Á komandi vetri verður þess ekki krafist að þjálfarar hafi lokið námskeiðum en sú krafa verður tekin upp og fer stigvaxandi með hverju keppnistímabili héðan í frá. Nokkrar fyrirspurnir hafa komið frá starfandi þjálfurum um mat inn í nýja kerfið og mun Hnikarr svara þeim spurningum héðan í frá. Áriðandi fyrir alla að jafnvel reyndir þjálfarar fari í gegnum námskeiðin. Það rennir traustari stoðum undir þessa menntun og festir hana í sessi. Er mikilvægur hluti af því að gefa þjálfaramenntun þá vigt sem við viljum að hún hafi. Fyrri ÍSÍ námskeið gilda en útfæra þarf hvernig endurmenntun/símenntun þjálfara fer fram, hvaða námskeið gilda, héraendis/erlendis osfrv. Rætt um að BLÍ standi fyrir Þjálfararáðstefnu að hausti. Þar verði ma farið yfir notkun á Sideline, fulltrúar frá dómaranefnd mæti og fari yfir áherslur á komandi vetri, afreksstjóri BLÍ leggi inn sínar áherslur ofl.

**Landsliðsmál** – engin staðfest innanhúss keppni erlendis í sjónmáli. Lítum á þetta ástand sem tækifæri til að byggja upp á nýjan hátt. Mögulega stærri æfingahópar og tíðari æfingar bæði hjá A og U landsliðum. Nánara samband milli afreksþjálfara og félaganna. Búið að ráða Burkhard Disch sem afreksstjóra og þjálfara karlalandsliðsins en kvennamegin verða áfram þau Borja Gonzalez Vicente og Ana María Vidal Bouza

#### **Data Volley – tölfræði**

Möguleiki að fá hingað mann, Michael, sem er sérfræðingur í tölfræðiskráningu og samstarfsmaður Burkhard. Markmiðið væri að þjálfarar upplærðu héraendis nokkra valda einstaklinga þannig að við ættum fólk sem getur og kann súpavel. Það er mikilvægt að koma þessu í lag, bæði fyrir mótin hér innanlands og þá skráningu sem lið ársins byggir á en ekki síður fyrir þjálfarana og liðin að fá út úr leikjunum marktæka tölfræði. Hugmynd að BLÍ útvegi „Tölfræðing“ fyrir hvern leik, rétt eins og dómara. Æskilegt að sá aðili væri á leiknum en til öryggis þarf einnig að vera upptaka til staðar, einnig gæti tölfræðingur skilað greiningu eftir upptöku væri hann ekki á leiknum. Þessir tölfræðingar yrðu svo starfsmenn landsliðanna í þeirra verkefnum. Hvernig sem við gerum þetta er mjög aðkallandi að þjálfarar innlenda aðila í verkefnið, hvort sem þeir verða á vegum félaganna eða BLÍ.

**Endurskoðun fjárhagsáætlunar.** Ársþing BLÍ samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 með þeim tilmælum að hún yrði í ljósi breyttra aðstæðna tekin til endurskoðunar. Ný áætlun yrði lögð fyrir formannafund í ágúst. Gjaldkera falið að ganga í þetta verkefni með framkvæmdastjóra.

**Stjórnarfundir á starfsárinu 2020-2021** verða fyrsta þriðjudaginn í hverjum mánuði frá kl. 16.30 – 19.30. Formaður boðar þó stjórn til fundar oftast ef þurfa þykir og mun fundar á næstu dögum með einstökum stjórnarmönnum til að fara yfir áherslur og sýn á því verkefni/nefndarstarfi sem viðkomandi hefur tekið að sér. Stjórn er boðuð til aukafundar með afreksstjóra BLÍ mánudaginn 6. júlí. Skrifstofa sendir út áminningu þegar nær dregur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30

Fundinn rituðu Steinn og Hrafnhildur